

Stjórnarfundur Leiðsagnar

28. mars 2023 kl. 17:00

Boðaður fundur aðalmanna og varamanna í stjórn.

Mættir: Friðrik Rafnsson formaður (FR), Snorri Steinn Sigurðsson varaformaður (SSS), Harpa Björnsdóttir (HB) ritari, Valva Árnadóttir (VÁ) gjaldkeri, Leifur Björnsson (LB) meðstjórnandi, Guðný Margrét Emilsdóttir (GME) 2. varamaður, Hallfríður Þórarinsdóttir (HP) 3. varamaður, Pétur Gunnarsson (PG) 4. varamaður (kom 17:40).

Fjarverandi: Gunnsteinn Ólafsson (GÓ) 1. varamaður,

1.	Fundur settur	Fundargerð frá 7.3.2023 var búið að samþykkja í tölvupóstum.	U	Friðrik
2.	Svarbréf vegna málefna félagsmanns	(GME og LB víkja af fundi kl. 17:10-17:22 meðan mál þetta er tekið fyrir) Stjórn hefur borist bréf frá lögmanni varðandi málefni tiltekins félagsmanns og samskiptavanda hans við starfsmann skrifstofu. Málið rakið fyrir þeim fundarmönnum sem ekki sátu síðasta fund Trúnaðarráðs. Málið verður áfram unnið í samráði við sérfræðinga og lögmenn ASÍ og svarbréf sent við fyrsta tækifæri.	U	Friðrik
3.	Lögsóknir vegna kjarabrotamála	SSS greinir frá kjarabrotamálum sem eru í ferli hjá lögfræðingi okkar en hafa dregist óþarflega og þarf að ýta betur áfram. Oftast sömu fyrirtækin sem um er að ræða og flest málin eru launatengd. Starfsmenn sem gera athugasemdir við laun sín fá ekki fleiri verkefni. Þessi fyrirtæki hafa ekki gott orðspor hjá leiðsögumönnum og mest er um erlenda starfsmenn, og mikil starfsmannavelta. Þyrfti að virkja SA/SAF til að taka þátt í vinnustaðaeftirliti með Leiðsögn, ef til vill gera sérstakt átak og afla gagna um þá aðila sem verstir eru, þetta skiptir máli fyrir orðspor ferðapjónustunnar á Íslandi. (PG tekur sæti á fundi kl. 17:40)	U	Snorri
4.	Vinnustaðaeftirlit	SSS hefur verið í miklum samskiptum við önnur stéttarfélag og vill efla vinnustaðaeftirlit félagsins í samstarfi við þau, t.d. taka nokkra góða daga á Suðurlandi á næstunni. Bolmagn félagsins er lítið eitt og sér og eins þarf fleiri félagi til að taka eftirlitið að sér. HP, GME og PG lýsa yfir áhuga á að taka þátt í því með SSS. Þyrfti að taka námskeið hjá ASÍ. Vinnustaðaeftirlit stéttarféлага hefur þó ekkert boðvald og erfitt hefur reynst að fá Lögreglu, Vinnuástofofnun og skattayfirvöld með, en hægt er að tilkynna brot fyrirtækja á vefsíðu ASÍ. Aftur rætt um nauðsyn þess að fara í sérstakt átak með vorinu og í sumar, bæði á láglandi og hálendi, gæðastimpill ferðapjónustunnar er að veði.	U	Snorri
5.	Starfshópur á vegum Menntamálastofnunar	GME segir frá þeim 2 fundum sem hafa verið haldnir, en hún sat hvorugan, þann fyrri vegna tækniörðugleika við að tengjast fjarfundabúnaði og komst ekki á þann síðari. Ekki var boðaður varamaður. GME mun senda fundargerðir til stjórnar. Fulltrúi frá Leiðsöguskólanum situr í starfshópnum en ekki frá öðrum skólum. Fulltrúar frá Félagi ökuleiðsögumanna og Félagi íslenskra fjallaleiðsögumanna eiga þar einnig sæti. Umfjöllunarefni starfshópsins er	U	GME

		starfslýsingar, hæfniskröfur og menntunarmál leiðsögumanna. Spurt um markmiðið með vinnu starfshópsins, við þurfum ekki þriðju skýrsluna. Ósamræmi er í námsskrám þeirra skóla sem bjóða upp á leiðsögunám. Ekki er boðið upp á nám á ensku, nema í Keili. Bráð nauðsyn að gera samræmda námsskrá eða ramma utan um nám í leiðsögn sem byggir á Evrópu-staðlinum. Óþarflega löng bið hefur orðið á því að fá nýja námskrá frá Leiðsöguskólanum sem byggja mætti raunfærnimat á. Einnig þarf að vera hægt að meta nám frá skólum í Evrópu útfrá þeim sama ramma, margir erlendir leiðsögumenn hafa stundað nám í sínu heimalandi. Þjóðgarðarnir þurfa líka að koma að þessu og setja ramma í sínar reglugerðir um það hverjir geta boðið upp á leiðsögn í þjóðgörðunum, varðar bæði öryggisþáttinn og gæðastuðul.		
6.	IGC - norrænt samstarf og evrópskt	Næsti aðalfundur IGC verður haldinn í Kungälv í Svíþjóð 29.-30 apríl. Stjórn hefur stungið upp á LB í valnefnd IGC og mun hann fara á fundinn sem fulltrúi stjórnar. Dagskrá fundarins hefur verið send faglærðum leiðsögumönnum í LS en skv. reglum IGC hafa þeir eingöngu rétt til þátttöku. Sigrún Ragnarsdóttir er aðalmaður félagsins í stjórn IGC og Jörunn Rothenborg varamaður, en stjórn Leiðsagnar hefur haldið fundi með þeim og Ragnheiði Björnsdóttur, sem setið hefur í valnefnd IGC undanfarin ár, um sögu og starf þessa félagsskapar. Spurt um markmið og gagnsemi og hvort frekar ætti að horfa til evrópsku samtakanna FEG, en heldur dýrara er að eiga þar aðild og var henni sagt upp 2020 í sparnaðarskyni. Athuga hvort æskilegt væri að endurnýja aðild okkar þar og kostnað við það. Samþykkt að skoða hin erlendu tengsl ár frá ári með tilliti til kostnaðar og gagnsemi.	U	Stjórn
7.	Skoðanakönnun	Útbúnar hafa verið spurningar á íslensku og ensku í skoðanakönnun sem verður send til allra félagsmanna á næstu dögum. Filmís setur hana upp á heimasíðunni í samræmi við persónuverndarlög. Niðurstöður hennar verða mikilvæg vinnugögn fyrir stjórn, einnig í komandi samningaviðræðum.	U	Harpa
8.	Aðalfundur	Undirbúningur aðalfundar þann 3. maí er hafinn. Verður þetta í fyrsta sinn sem formaður og stjórn verða kosin í rafrænni kosningu, skv. tilmælum ASÍ. Fara vel yfir allar dagsetningar sem þarf að skilgreina útfrá núgildandi lögum félagsins. Þeir sem ekki hafa rafræn skilríki verða að sækja um þau og mun skrifstofan kynna málið og leiðbeina félagsmönnum eftir þörfum.	U	Stjórn
9.	Önnur mál	1. Sigrún Pálsdóttir hefur sent fyrirspurn til stjórnar um að halda félagsfund til að ræða inngöngu Leiðsagnar í stærra og öflugra stéttarfélag. Hugmyndin er ekki ný af nálinni, hefur oft komið upp í gegnum tíðina og hafa fyrri stjórnir átt samtal við stærri stéttarfélög án þess að niðurstaða hafi fengist. Það er vel þess virði að ræða kosti og galla en FR telur hæpið að núverandi stjórn, sem á stutt tímabil eftir, fari í þessa vegferð, skynsamlegra sér að bíða þar til ný stjórn hafi	U	

	<p>verið mynduð á aðalfundi. Svo þarf að fara fram samtal við þau stéttarfélög sem koma til greina, þetta er ekki eitthvað sem skipulagt verður í skyndi og margar spurningar sem þarf að spyrja og svara.</p> <p>2. GME spyr um ársreikninga og gjaldkeri svarar að skv. síðustu upplýsingum þá ættu þeir að vera tilbúnir í kringum páska.</p> <p>3. HB óskar eftir að fá skýra niðurstöðu í það hvaða aðili innan félagsins eigi að sjá um að meta faglegan menntunargrunn, verkefni sem áður var á hendi Fagdeildar. Var það einróma niðurstaða og ákvörðun stjórnarinnar að vísa þessu verkefni til Fagráðs.</p> <p>4. HB lagði fram gögn um fjármál Endurmenntunarsjóðs, inn- og útstreymi síðustu ára. Fara þarf vel yfir fjármál sjóðsins, skoða ávöxtun og hvaða verkefni ættu að vera styrkhæf. Rætt um fræðslufyrirlestrana og hvort ekki mætti skoða breytt fyrirkomulag á þeim og reyna að lækka kostnað við þá. Niðurstaða af fundi Endurmenntunarsjóðs 16.3. afhent þeim fulltrúum í Fræðslunefnd sem voru á fundinum, þeim GME og HP.</p> <p>5. HB segir frá því að hún ásamt SSS hafi farið mjög nákvæmlega yfir bókhaldsgögn félagsins síðustu ár og að ekki sé þar að sjá neinar misfellur hjá fyrri umsjónaradilum.</p>	U	
		U	
		U	
		U	

Fundi slitið 19:30

Fundargerð staðfest:

Friðrik Rafnsson, formaður

Harpa Björnsdóttir, ritari